

Fimmtudaginn 10. mars 1994 kl. 12:15

27. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/1994.

**Kvörtun öryggisþjónustufyrirtækisins Vara vegna vöktunar á
neyðarnúmerum hjá Slysavarnafélagi Íslands.**

Efni kvörtunar

Í lok aprílmánaðar s.l. barst kvörtun frá Vara vegna þess að Slysavarnafélag Íslands hefur tekið að sér að fjarvakta neyðarnúmer fyrir Almannavarnanefnd Borgarfjarðar. Að sögn Vara stóð fyrirtækið í samningaviðræðum við Almannavarnanefnd Borgarfjarðar þegar Slysavarnafélag Íslands bauð nefndinni þessa þjónustu að kostnaðarlausu.

Vari hefur frá haustinu 1991 boðið sveitarfélögum að öryggismiðstöð Vara í Reykjavík svari í samræmt neyðarnúmer heima í héraði í samvinnu við lögreglu á staðnum.

Vari telur að Slysavarnafélag Íslands geti veitt þessa þjónustu endurgjaldslaust vegna þess að það fær greitt frá ríkinu tugir milljóna króna til að halda úti eftirliti með tilkynningaskyldu íslenskra skipa. Þeir starfsmenn sem sinna eftirliti með skipum vakti einnig neyðarnúmer fyrir sveitarfélög. Tvö svæði hafa þegið þessa þjónustu hjá Slysavarnafélaginu, Borgarfjörður og Austur- Skaftafellssýsla. Forsvarsmenn Vara telja að með þessari þjónustu sé brotið gegn 14. gr. Samkeppnislaganna.

Könnun á kvörtunaratriðum

Samkeppnisstofnun óskaði með bréfi, dags. 8. júlí, umsagnar Slysavarnarfélagsins um kvörtunina. Í svarbréfi Slysavarnarfélagsins, dags. 19. júlí, komu eftirfarandi atriði fram:

1. Slysavarnarfélag Íslands hefur frá 1. febrúar 1929 rekið neyðarsímaþjónustu. Gerði félagið sérstakt samkomulag við Landssímastjórnina og dómsmálaráðuneytið vegna vöktunar neyðarsíma þegar skip og bátar óskuðu aðstoðar eða hjálpar.
2. Slysavarnafélagi Íslands var falin yfirstjórn tilkynningarskyldu íslenskra skipa og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík, skv. lögum nr. 40 13. maí 1977. Tilkynningarskyldan er rekin í húsi félagsins að Grandagarði 14 og þar er starfsmaður á vakt allan sólarhringinn.
3. Neyðarsímsvörun hér á landi hefur ekki verið samræmd og er að mörgu leyti ábótavant. Til að vekja athygli á þessu máli stóð Slysavarnafélagið ásamt nokkrum öðrum aðilum fyrir fundi í maí 1992 þar sem neyðarsímamál voru rædd. Fljótlega eftir fundinn kom beiðni frá yfirvöldum í A-Skaftafellssýslu og bæjaryfirvöldum á Höfn í Hornafirði um að félagið tæki að sér vörslu neyðarsíma fyrir sýsluna. Stjórn Slysavarnarfélags Íslands ákvað að verða við þessari beiðni og gera tilraun með það í huga að geta seinna vaktað neyðarsíma fyrir fleiri aðila.
4. Í nóvember 1992 barst formleg beiðni frá Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um að Slysavarnafélagið tæki að sér vöktun neyðarsíma þar.
5. Samkvæmt samkomulagi sem gert var við yfirvöld í A-Skaftafellssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu greiða þau allan kostnað sem til fellur vegna undirbúnings, en ákvörðun um gjald verður tekin eftir að reynsla er fengin af notkun neyðarsímans.

Forsvarsmenn Vara fengu afrit af svari Slysavarnarfélagsins. Gerðu þeir engar efnislegar athugasemdir við bréf Slysavarnarfélagsins en bentu á að félagið þyrfti ekki að borga nein opinber gjöld þ.e. tekju og eignaskatt. Einnig vildu þeir vita hvort fært væri aðskilið fjárhagsbókhald vegna tilkynningarskyldunnar.

Ester Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Slysavarnarfélags Íslands var boðuð á fund hjá Samkeppnisstofnun þann 25. ágúst s.l. Í máli hennar kom fram að allur kostnaður vegna undirbúnings að fjarvöktun hafi verið borgaður af þeim sem þjónustuna fá. Það er enginn aukakostnaður fyrir Slysavarnarfélagið að svara í neyðarsíma og sýslurnar sem fjarvaktað er fyrir borga þjónustugjald til félagsins. Slysavarnarfélagið leitaði ekki eftir að veita þessa þjónustu. Það kom beiðni frá sýslunum um að Slysavarnarfélagið annaðist þessa þjónustu. Tilkynningarskyldan annast þessa vaktþjónustu og er sami starfsmaður sem sinnir báðum verkefnum, þ.e. tilkynningarskyldu og fjarvöktun á neyðarsíma fyrir sýslurnar. Á síðasta ári fékk Slysavarnarfélag Íslands 17 m. kr. frá ríkinu til að sinna tilkynningarskyldunni. Heildartekjur Slysavarnarfélagsins voru 106 m. kr. á því ári. Ekki er fært aðskilið bókhald hjá Slysavarnarfélagi Íslands.

Einnig kom fram í máli Esterar að stjórnskipuð nefnd sem á að fjalla um vöktun á neyðarnúmerum er nú að störfum. Það eru fjögur ráðuneyti sem koma að þessum málaflokki. Hugsanlegt er að sett verði lög um þessi mál. Það eru margir, að mati Esterar, sem vilja sinna þessari þjónustu og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hætta er á að landsbyggðin muni verða skilin útundan.

Engin lög eða reglugerðir eru um neyðarsímsvörun hér á landi. Skipuð hefur verið nefnd sem á að kanna þessi mál m.a. hvort veita eigi einum eða fleiri aðilum leyfi til að sinna þessari þjónustu. Slysavarnarfélag Íslands hefur vakið athygli á ýmsu sem er ábótavant í símsvörun neyðarsíma. Tvær sýslur hafa óskað eftir því við Slysavarnarfélagið að það sinnti þessari þjónustu á ákveðnum tíma sólarhringsins. Allur kostnaður vegna undirbúnings hefur verið greiddur af sýslunum og þær greiða einnig þjónustugjald til Slysavarnarfélagsins. Tilkynningarskyldan annast þessa þjónustu og hefur enginn aukakostnaður verið af fjarvöktuninni.

Ákvörðunarorð:

Í erindi frá 29. apríl 1993 til Samkeppnisstofnunar kvartar öryggisþjónustufyrirtækið Vari yfir því að Slysavarnafélag Íslands greiði niður kostnað við vöktun neyðarnúmera fyrir tiltekin sveitarfélög.

Upplýst hefur verið að umrædd þjónusta Slysavarnafélag Íslands sé á tilraunastigi og kostnaður við tilraunina sé greiddur af þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli.

Með hliðsjón af framansögðu telur Samkeppnisráð að svo stöddu ekki ástæðu til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað vöktunar Slysavarnafélags Íslands á neyðarsímum frá annarri starfsemi Slysavarnafélagsins sem nýtur einkaleyfis eða verndar.